


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Utgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	BÓKF1DH05	Námsáætlun haustönn 2016

Kennarl	Leifur Brynjólfsson	Sk.st.	LEB
----------------	---------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um grundvallaratriði tvíhliða bókhalds. Nemandanum er gerð grein fyrir hlutverki bókarans og tilgangi bókhaldsins. Algengustu reikningar eru kenndir fyrst og flokkun þeirra í eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Farið í dagbókarfærslur, prófjöfnuð, opnun og lokun höfuðbókar, tengsl hennar við dagbók og gerð einfalds efnahags- og rekstrarreiknings. FOB og CIF skilmálar útskýrðir og munurinn á eðli sölu- og innkaupakostnaðar. Farið yfir reglur um virðisaukaskatt og hvernig þeim er beitt í bókfærslunni. Unnið með reikningsuppgjör og lokun höfuðbókar með einföldum athugasemdum s.s. ógreiddum og fyrirfram greiddum kostnaði og vöxtum. Mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð nemanda og góðan frágang. Nemandinn fær æfingu í notkun töflureiknis við færslu bókhaldsins.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- grunnhugtökum bókfærslu
- helstu lögum um bókhald
- sambandi dagbókar og höfuðbókar
- einföldustu aðgerðum töflureiknis

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- færa einfaldar dagbókarfærslur
- stilla upp prófjöfnuði
- færa niðurstöður dagbókar í aðalbók
- setja upp efnahags- og rekstrarreikning
- reikna út hagnað og tap
- gera upp viðskipti fyrir ákveðið tímabil með einföldum athugasemdum
- gera upp virðisaukaskatt

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta niðurstöður dagbókar til að setja upp tvíhliða bókhald
- færa einfaldar færslur í fjárhagsbókhaldi
- rökstyðja einstakar færslur í bókhaldi

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	BÓKF1DH05	
	Námsáætlun haustönn 2016	


Námsgögn:

Bókfærsla I eftir Tómas Bergsson (Útg. 2009 eða nýrri).

Ein dagbók og ein höfuðbók.

Áætlun um yfirferð:

Vika		Verkefni
35	Námsáætlun. Kynning á áfanganum. Hvað er bókhald? Tilgangurinn, bókhaldsbækur, reikningar, uppgjör, hagnaður og tap. Nokkrir algengir reikningar.	
35	Nokkrir algengir reikningar (læra vel).	Verkefni 1 og 2.
36	FOB og CIF, innkaupakostnaður, upprifjun.	Verkefni 3 og 4.
37	Nýir reikningar; sjóðsreikningur, vaxtatekjur, vaxtagjöld og einkareikningur.	Verkefni 5.
38	Áhaldareikningur, afskriftir.	Verkefni 6 og 7.
39	Áhaldareikningur, afskriftir.	Verkefni 8 og 9.
40	Kreditkort. Tímapróf 1.	Verkefni 10, og 11. Tímapróf 1.
41	Reikningsjöfnuður, ógreidd gjöld í lok tímabils.	Verkefni 12 og 13.
42	Reikningsjöfnuður, fyrirfram greitt í lok tímabils.	Verkefni 14 og 15.
43	Virðisaukaskatturinn. Tímapróf 2.	Verkefni 17. Tímapróf 2.
44	Virðisaukaskatturinn, áframhald.	Verkefni 18 og 19.
45	Dagbók og reikningsjöfnuður. Tímapróf 3.	Verkefni 20 og 21. Tímapróf 3.
46	Nýtt form.	Verkefni 22, 23 og 24.
47	Tapaðar kröfur. Moodlepróf	Verkefni 25 og 26.
48	Upprifjun. Tímapróf 4.	Tímapróf 4.
49-50	Lokapróf.	


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	BÓKF1DH05	Námsáætlun haustönn 2016

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Lokapróf	Á lokaprófi gildir dagbók 50%, reikningsjöfnuður 40% og höfuðbók 10%. Til þess að vetrarvinna komi til einkunnar þarf nemandi að ná að minnsta kosti 4,0 á lokaprófinu.		60%
Tímapróf	Fjögur tímapróf verða á önninni, þrjú bestu gilda 8,33% hvert.		25%
Vinnubækur	Vinnubókum skilað til kennara tvisvar á önninni.		5%
Þátttaka	Ástundun, vinnusemi, vinnubrögð, frammistaða, umgengni, frágangur o.fl.		5%
Moodlepróf	Krossapróf á kennsluvefnum Moodle.		5%
	Samtals:		100%
Annað: Á tímaprófum annarinnar verður ekki boðið upp á sjúkrapróf.			

Með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 18. ágúst 2016


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils